

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Ársreikningur 2018

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Kringlunni 7
103 Reykjavík

kt. 691097-2859

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Rekstur ársins 2018

Á árinu 2018 nam hagnaður af rekstri sjóðsins 38,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok árs nam 4.131 millj. kr. að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 4.822 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðarinnar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum á árinu.

Á árinu 2018 voru að jafnaði 4 stöðugildi hjá Nýsköpunarsjóði.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2018, efnahag sjóðsins 31. desember 2018 og breytingu á eigin fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. apríl 2019

Stjórn

Sigrún Hannesdóttir
Aðalgrænir
Kristín Þórunn Snæbjarnsdóttir
Hönnu Þórunn Snæbjarnsdóttir

Framkvæmdastjóri

Aðalgrænir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 8. apríl 2019

Advant endurskoðun ehf.



Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Afkoma af eignarhlutum í félögum	(97.557)	146.826
Afkoma af samlagssjóðum		211.674	(509.728)
Niðurfærsla eignahlutatengdra lána	(25.757)	(115.002)
Vaxtatekjur og gengismunur	10	57.824	30.772
Samtals		<u>146.184</u>	<u>(447.132)</u>
Rekstrartekjur og rekstrargjöld			
Aðrar rekstrartekjur		4.727	3.336
Laun og launatengd gjöld	11	(83.661)	(113.558)
Annar rekstrarkostnaður	(19.597)	(18.054)
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni	(9.063)	(20.430)
Samtals		<u>(107.594)</u>	<u>(148.706)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>38.590</u>	<u>(595.838)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	2.022.168	2.186.425
Samlagssjóðir og samlagshlutafélög	14	905.108	748.417
Útlán	15	158.828	181.776
Aðrar skammtímakröfur	17	61.482	62.040
Markaðsverðbréf, fjárvarsla	18	398.195	315.049
Handbært fé		597.681	632.193
Eignir samtals		<u>4.143.462</u>	<u>4.125.900</u>
Eigið fé			
Stofnfé		4.821.767	4.821.767
Annað eigið fé		(690.565)	(729.155)
Eigið fé samtals	19	<u>4.131.202</u>	<u>4.092.612</u>
Skuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		12.260	33.288
Skuldir samtals		<u>12.260</u>	<u>33.288</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.143.462</u>	<u>4.125.900</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	19	38.590	(595.838)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(146.184)	447.132
Afskriftir		0	2.420
Veltufé til rekstrar		(107.594)	(146.286)
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(52.767)	(63.673)
Handbært fé fyrir vexti		(160.361)	(209.959)
 Innheimtar vaxtatekjur		24.607	27.269
Handbært fé til rekstrar		(135.754)	(182.690)
 Fjárfestingahreyfingar			
Ný útlán		(74.558)	(77.995)
Fjárfesting í samlagssjóðum		(7.407)	(7.407)
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(254.338)	(58.160)
Seldir eignarhlutir í öðrum félögum		405.380	692.188
Útborgað úr samlagssjóðum		62.391	79.332
Fjárvarsla markaðsverðbréfa, breyting		(83.146)	3.086
Afborganir útlána		29.778	30.373
Fjárfestingahreyfingar		78.100	661.417
 (Lækkun) hækkun á handbæru fé		(57.654)	478.727
 Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		23.142	0
 Handbært fé í ársbyrjun		632.193	153.466
 Handbært fé í lok árs		597.681	632.193

Skýringar

1. Félagið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskyldu að markaðsverðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

Framsetning rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymis var breytt á árinu. Stjórnendur telja að núverandi framsetning veiti lesanda gleggri mynd af afkomu og fjárhagslegri stöðu sjóðsins. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Breytingarnar hafa engin áhrif á afkomu eða fjárhagsstöðu sjóðsins og eru reikningsskilareglur þær sömu og á fyrra ári.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru í stöðugri enduskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

5. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

6. Skattamál

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti.

7. Fjáreignir

Eignarhlutir í öðrum félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem ætlunin er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði. Ef gangvirði fjáreigna er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignina þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skýringar, frh.:

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum og eign í lausafjársljóðum.

9. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

10. Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum

Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum greinist þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur af útlánum	10.072	17.200
Vaxtatekjur og gengismunur af bankainnstæðum	25.878	(1.476)
Tekjur af vörslusjóðum	21.874	15.048
Samtals	<u>57.824</u>	<u>30.772</u>

11. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Laun	59.068	83.808
Lífeyrissjóður	14.610	17.759
Önnur launatengd gjöld	9.983	11.991
	<u>83.661</u>	<u>113.558</u>

Stöðugildi að meðaltali yfir árið 4,0 6,5

Lækkun launakostnaðar á milli ára skýrist af starfslokum tveggja starfsmanna á árinu 2017. Kostnaður vegna launauppgjörs við þessa tvo starfsmenn er innifalinn í launum og launatengdum gjöldum en síðan dreginn til baka í breytingu á skuldbindingu án vinnuframlags.

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2018	2017
Laun framkvæmdastjóra (þrjú á árinu 2017)*	13.953	21.006
Laun stjórnar	3.915	4.432
	<u>17.868</u>	<u>25.438</u>

* Lækkun launakostnaðar vegna framkvæmdastjóra á milli ára skýrist af starfslokum fyrri framkvæmdastjóra á árinu 2017.

Skýringar, frh.:

12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2018	2017
Eignarhlutir í upphafi árs	2.186.425	2.650.636
Fjárfest í nýjum eignarhlutum	338.679	81.150
Bókfært verð seldra eignarhluta	(183.357)	(509.174)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutir	0	(175.622)
Niðurfærsla eignarhluta	(319.579)	139.435
Eignarhlutir í lok árs	<u>2.022.168</u>	<u>2.186.425</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði eða gangvirði reynist það lægra í samræmi við 40. gr. og 70. gr. laga um ársreikninga þar sem þeirra er aflað eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

13. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

Félag	Eignar- hluti	Félag	Eignar- hluti
3Z ehf.	35,1%	Kaptio ehf.	14,5%
AGR - Aðgerðargreining ehf.	4,7%	Lífeind ehf.	71,5%
Akthelia ehf.	37,0%	Menn og mýs ehf.	26,8%
Ankeri Solutions ehf.	13,3%	Mentis Cura AS	11,0%
Atmo Select ehf.	11,9%	Mentor ehf.	9,4%
Coori ehf.	25,8%	Mint solutions ehf.	7,9%
Dohop ehf.	8,6%	Norrænar myndir ehf.	36,8%
eTactica ehf.	24,2%	Oxymap ehf.	35,2%
Expeda ehf.	22,6%	OZ ehf.	1,1%
Florealis ehf.	18,0%	Sólfar Studios ehf.	13,1%
Genis ehf.	8,8%	Stiki ehf.	42,2%

*Sjóðurinn á skuldabréf með breytirétti í hlutafé í Gangverki ehf.

Framangreind félög eru í eigu sjóðsins í árslok 2018.

Skýringar, frh.:

14. Samlagssjóðir og samlagshlutfélög

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2018	2017
Samlagssjóðir í upphafi árs	748.417	1.330.069
Fjárfesting í samlagssjóðum	7.407	7.407
Útborganir samlagssjóða	(62.391)	(79.331)
Breyting á niðurfærslu	211.675	(509.728)
Samlagssjóðir í lok árs	<u>905.108</u>	<u>748.417</u>
	Hlutdeild	Bókfært verð
Frumtak slhf.*	37,0%	
AUÐUR I	4,7%	
Brú II	4,3%	
Kostnaðarverð í árslok		<u>905.108</u>

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutfélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur sjóðsins minna en 50%.

* Hlutfjáreign Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í Frumtaki slhf. er víkjandi fyrir hlutfjáreign annarra hluthafa í félaginu þannig að áður en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á rétt á að fá útborgað við slit á Frumtaki slhf. eiga aðrir hluthafar rétt á að fá hlutfé sitt greitt að fullu áður. Ábyrgð sjóðsins vegna þessa er þó að hámarki 1.300 millj. kr. Tekið hefur verið tillit til þessa við mat á niðurfærsluþörf á eignarhlutum.

15. Útlán

Útlán greinast þannig:

	2018	2017
Útlán í upphafi	181.776	208.645
Ný útlán	74.558	77.995
Millifært af kröfum	32.297	60.000
Afborganir útlána	(29.778)	(30.373)
Útlánum breytt í hlutfé	(82.123)	(31.570)
Áfallnir vextir, breyting	7.810	12.081
Niðurfærsla og endanleg afskrift útlána, breyting	(25.712)	(115.002)
Útlán í lok árs	<u>158.828</u>	<u>181.776</u>

Útlán sem ætlað er að eiga fram á gjaldaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Skýringar, frh.:

16. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2018	2017
Afskriftarreikningur í upphafi árs	1.487.127	1.132.781
Framlag í afskriftarreikning	209.159	800.469
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni	(82.886)	(446.123)
Afskriftarreikningur í lok árs	<u>1.613.400</u>	<u>1.487.127</u>

Afskriftarsjóður fjárfestingaverkefna greinist þannig:

Afskriftarreikningur eignarhluta	971.080	651.500
Afskriftarreikningur útlána	63.747	57.054
Afskriftarreikningur samlagssjóða og samlagshlutafélaga	578.573	778.573
	<u>1.613.400</u>	<u>1.487.127</u>

Fjáreignir eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingum í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum. Lagt er í afskriftarreikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni en aldrei er virði eigna fært á hærra verði en kaupverði.

17. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Kröfur vegna seldra eignarhluta	58.500	32.297
Aðrar kröfur	2.982	29.743
Aðrar kröfur samtals í lok árs	<u>61.482</u>	<u>62.040</u>

18. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Markaðsverðbréf, fjárvarsla greinist þannig:

Fjárvarsla í erlendri mynt	43.350	13.384
Fjárvarsla í íslenskum krónum	354.845	301.665
Aðrar kröfur samtals í lok árs	<u>398.195</u>	<u>315.049</u>

Skýringar, frh.:

19. Eigið fé

Innborgað stofnfé sjóðsins er samtals 4.822 millj. kr. Samkv. 7. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé sjóðsins skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neyðsluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé sjóðsins nam 4.131 millj. kr. í lok árs 2018 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 5.228 millj. kr.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	4.821.767	(729.155)	4.092.612
Hagnaður ársins		38.590	38.590
Eigið fé 31.12.2018	4.821.767	(690.565)	4.131.202

Eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á milli deilda:

	31.12.2018	31.12.2017
Stofnsjóður	4.131.202	4.082.024
Tryggingadeild útflutnings	0	10.588
	4.131.202	4.092.612

20. Tengdir aðilar

a. Skilgreining tengdra aðila

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Ekki eru sérstaklega tilgreind viðskipti við íslenska ríkið eða félög og stofnanir í þess eigu.

b. Viðskipti við tengda aðila

Í rekstrarreikningi eru eftirtalinn viðskipti við tengda aðila:	2018	2017
Þátttaka annarra sjóða í húsnæðiskostnaði	7.172	6.493

21. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er í ábyrgð fyrir einu bankaláni samtals að fjárhæð 3,1 milljónir króna í lok árs 2018.

Á árinu 2018 var ábyrgð vegna Tryggingadeildar útflutnings uppgerð en ábyrgðin var baktryggð af Ríkisábyrgðarsjóði og hafði því ekki áhrif í ársreikningi sjóðsins.

22. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi hinn 8. apríl 2019.